

| | |
|---|---|
| Fundargerð Laga- og leikreglanefnd KSÍ |  |
|---|---|

| | |
|--------------------|--|
| FUNDUR | Fundur laga- og leikreglanefndar KSÍ |
| DAGS. | 28. janúar 2020 |
| STAÐSETNING | Landsliðið - KSÍ |
| FUNDARMENN | Gísli Gíslason formaður, Guðmundur H. Pétursson og Haukur Hinriksson starfsmaður. Fjarverandi: Guðjón Bjarni Hálfðánarson |

| | | | |
|---|--|----------------|-------------------|
| DAGSKRÁ | 1. Fundur – Yfirferð á tillögum fyrir ársþing KSÍ 2020 | | |
| UMRÆÐUEFNI, AÐGERÐIR OG ÁKVARÐANIR | | Ábyrgur | Loka dags. |
| 1. | Upphaf fundar: <ul style="list-style-type: none"> - Gísli Gíslason formaður nefndarinnar setur fundinn. - Haukur opnar tillögur á skjá í þeim tilgangi að fara yfir hverja og eina. | | |
| 2. | Tillaga (Þingskjal 7): Lagabreytingartillaga stjórnar KSÍ <ul style="list-style-type: none"> - Tillaga tilkomin vegna yfirferðar framkvæmdastjórnar ÍSÍ á lögum KSÍ - Engar athugasemdir. Tillaga (Þingskjal 8): Ágreiningsmál og staðalsamningur þjálfara <ul style="list-style-type: none"> - Engar athugasemdir Tillaga (Þingskjal 9): Leyfiskerfi í efstu deild kvenna <ul style="list-style-type: none"> - Engar athugasemdir Tillaga (Þingskjal 10): Fjölgun félaga í Pepsi Max deild karla og 1. deild karla <ul style="list-style-type: none"> - Að mati LLR er framsetning á tillögu ófullkomin og þarfnast frekari skoðunar. Greinin gæti að óbreyttu tæplega staðið sem sjálfstæð grein með þessum hætti til lengri tíma. Þannig þykir ekki rétt að setja í lög KSÍ, lagaákvæði sem enga þýðingu munu hafa í framtíðinni, þegar hluti þess rennur sitt skeið. - LLR bendir einnig á að fjölmörg atriði þurfi að skoða samhliða eða áður en tillagan er tekin til umfjöllunar. Til dæmis ákvæði leyfisreglugerðar KSÍ, kostnaðarmat breytinga, ákvæði reglugerðar um knattspyrnumót, ákvæði reglugerðar um knattspyrnuleikvanga o.fl.. - Tillögunni er ætlað að taka gildi árið 2021. LLR telur að lagabreytingartillögu, sem fyrirfram er vitað að veruleg óvissa ríkir um | | |

| | | | |
|----|---|--|--|
| | <p>hvort unnt sé að hrinda í framkvæmd innan tímaramma eða yfirleitt, og felur jafnvel í sér ómöguleika að framkvæma, sé ekki rétt að festa í lög KSÍ. Mikilvægt er að undanfari slíkrar lagabreytingartillögu sé vandaður undirbúningur þannig að tryggt er að unnt sé að hrinda ákvæðinu í framkvæmd sé vilji til þess, m.a. með hliðsjón af skipulagi knattspyrnumála og þeim reglugerðum sem um það gilda. Sú undirbúningsvinna liggur ekki fyrir. Í samræmi við 10. grein laga KSÍ, skal laga- og leikreglnanefnd KSÍ gefa þeim, sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, kost á að koma fram með athugasemdir við tillöguna. Vill nefndin gefa eftirfarandi aðilum kost á að koma fram með athugasemdir:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Mótanefnd KSÍ ○ Starfshópur um Pepsi-Max deild karla og fjölgun leikja <p>Tillaga (þingskjal 11): Fjöldi leikmanna á leikskýrslu í yngri flokkum</p> <ul style="list-style-type: none"> - Engar athugasemdir - Í samræmi við 10. grein laga KSÍ, skal laga- og leikreglnanefnd KSÍ gefa þeim, sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, kost á að koma fram með athugasemdir við tillöguna. Vill nefndin gefa eftirfarandi aðilum kost á að koma fram með athugasemdir: <ul style="list-style-type: none"> ○ Mótanefnd KSÍ <p>Tillaga (þingskjal 12): Dómarastörf í 2. aldursflokki</p> <ul style="list-style-type: none"> - Tillaga sem þarf að kostnaðarmeta og meta möguleika þess að skipa þær dómarastöður sem fylgir samþykkt tillögunnar. - Í samræmi við 10. grein laga KSÍ, skal laga- og leikreglnanefnd KSÍ gefa þeim, sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, kost á að koma fram með athugasemdir við tillöguna. Vill nefndin gefa eftirfarandi aðilum kost á að koma fram með athugasemdir: <ul style="list-style-type: none"> ○ Dómaranefnd KSÍ ○ Fjárhagsnefnd KSÍ <p>Tillaga (þingskjal 13): Leikmannssamningar í 1.- og 2. deild kvenna</p> <ul style="list-style-type: none"> - Kanna þarf samhangandi lagaleg áhrif m.a. varðandi lánssamninga leikmanna, félagaskiptaglugga o.fl.. - Í samræmi við 10. grein laga KSÍ, skal laga- og leikreglnanefnd KSÍ gefa þeim, sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, kost á að koma fram með athugasemdir við tillöguna. Vill nefndin gefa eftirfarandi aðilum kost á að koma fram með athugasemdir: <ul style="list-style-type: none"> ○ Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ | | |
| 3. | <p>Samantekt:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Fundið slitið kl. 13:20 - Ákveðið að veita viðeigandi aðilum frest til mánudagsins 3. febrúar nk. til þess að koma að athugasemdum vegna tillagna. - Næsti fundur laga- og leikreglnanefndar ákveðinn þriðjudaginn 4. febrúar kl. 12:00 | | |

| |
|---------------------------------|
| Dagsetning næsta fundar: |
| Óráðið |